

2021

Ársskýrsla Rótarinnar 2020-2021



Rótin - félag um konur, áföll og vímugjafa

6/2/2021

Ársskýrsla Rótarinnar fyrir starfsárið 2020-2021
Kristín I. Pálsdóttir tók saman fyrir ráð Rótarinnar
www.rotin.is

Efnisyfirlit

Skýrsla ráðs Rótarinnar.....	3
Framkvæmdahópur ráðsins	4
Fagráð Ástuhúss.....	4
Starfið á árinu.....	4
Námskeið og hópar að hausti	4
Samstarf við Bjarkarhlíð.....	5
Samstarf við Hlaðgerðarkot	5
Samstarf við Kvennaathvarf	5
Önnur námskeið og hópar að vori	5
Ráðgjöf	6
Fundir og heimsóknir.....	6
Erindi og ályktir	7
Samstarfsverkefni á Íslandi	8
Erlend samstarfsverkefni.....	8
Útgáfa.....	9
Gæðavinna.....	9
Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar	10
Greinaskrif.....	10
Fréttir og viðtöl.....	10
Reikningar félagsins.....	12
Styrkir til Rótarinnar.....	14
Konukot	15
Verkefni framundan.....	17
Konukot - Árssamantekt.....	20

Skýrsla ráðs Róttarinnar

Aðalfundur Róttarinnar var haldinn 6. maí 2020, kl. 20:00, í Kvennaheimilinu á Hallveigarstöðum, Túngötu 14.

Kosið var í ráð félagsins og í ráðinu 2020-2021 sitja: Anna Daníelsdóttir, Áslaug Kristjana Árnadóttir, Elísabet Brynjarsdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Hulda Stefanía Hólm, Katrín G. Alfreðsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Vagnbjörg Magnúsdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir voru kosnar aðalfulltrúar. Guðrún Magnúsdóttir (Gunný), Elínros Líndal og Sólveig Þorleifsdóttir voru kosnar í vararáð. Þá var Auður Önnu Magnúsdóttir kosin skoðunaraðili reikninga.



Þá var samþykkt lagabreytingatillaga um að breyta nafni félagsins í Róttín – félag um konur áföll og vímugjafa.

Að aðalfundi loknum kom nýtt ráð saman og skipti með sér verkum. Kristín var valin talskona félagsins, Guðrún Ebba ritari og Áslaug Kristjana gjaldkeri.

Í janúar sagði Áslaug Kristjana sig úr ráðinu og færðist Guðrún Magnúsdóttir þá úr vararáði í ráð og tók við gjaldkeraembætti. Þá sagði Elínros sig úr vararáði í janúar.

Ráð félagsins hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

Í dag eru 532 konur skráðar í félagið og eru á póstlista og 3.009 fylgja Róttinni á Facebook.

Í apríl var Kristín I. Pálsdóttir ráðin í 55% starf framkvæmdastjóra félagsins og frá 1. október í 75% starf þegar Róttín tók við rekstri Konukots. Önnur störf fyrir félagið eru unnin í verktöku, fyrir utan störf í Konukoti.

Framkvæmdahópur ráðsins

Á fundi félagsins hinn 19. janúar 2021 var samþykkt að ráðið skipi þriggja/fjögurra kvenna framkvæmdahóp sem í sitji talskona, ritari, starfskona og/eða gjaldkeri. Hópurinn skipuðu Kristín framkvæmdastjóri, Guðrún Ebba ritari og Katrín ráðgjafi. Helstu verkefni framkvæmdahópsins eru að:

- Undirbúa ráðsfundi og fylgi ákvörðunum og samþykktum þeirra eftir.
- Gera tillögu að dagskrá á helstu starfsemi félagsins s.s. námskeiðum, viðtölum og ráðgjöf árlega, leggi hana fyrir ráðið í ágúst og endurskoða hana fyrir 1. janúar hvers ár.
- Taka ákvörðun um fjármál innan fjárhagsrammans og eftir samþykktum ráðsins.
- Gera tillögur að styrkumsóknum.
- Fara yfir lög félagsins og hugsanlega leggja fram tillögur að lagabreytingum fyrir ráðið t.d. um skipan framkvæmdahóps.
- Undirbúa aðalfundi félagsins.

Fagráð Ástuhúss

Fagráð Ástuhúss var skipað í lok maí 2020 og í því sitja:

- Gunnhildur Kristjánsdóttir, iðjubjálfi og sérfræðingur hjá VIRK
- Helena Bragadóttir, geðhjúkrunarfræðingur í geðheilsuteymi fanga (GHTF)
- Hervör Alma Árnadóttir, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Margrét Ólafía Tómasdóttir, lektor í heimilislækningum við Læknadeild Háskóla Íslands
- Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Háskóla Íslands

Starfið á árinu

Covid-19 setti mark sitt á störf Róttínarinnar á starfsárinu sérstaklega á grunnstöðir félagsins sem eru ráðgjöf við konur sem glíma við áföll- og eða vímuefnavanda, Rótarnámskeiðin og sjálfshjálparhópana Róttínarhóp og Hreyfiaflið sem ýmist var frestað eða fellt niður. Auk þess seinkaði faraldurinn áætlunum um rekstur Ástuhúss.

Námskeið og hópar að hausti

Fyrsta námskeið haustsins, *Forvarnir í grunnskólum, áskoranir og leiðir*, var haldið 2. september í Laugalækjarskóla og sóttu 28 kennarar námskeiðið. Helgina 26. og 27. september, var svo haldið *námskeið fyrir fagfólk sem þjónustar konur*, einnig í

Laugalækjarskóa og sóttu hátt í 40 konur námskeiðið. Námskeiðunum *Konur finna styrk sinn, Áföll – Leiðir til bata* og *Þú ert ekki ein, við erum margar*, sem halda átti haustið 2020, var hins vegar frestað. Auk þess féllu niður fundir í *Rótarhópnum*.

Samstarf við Bjarkarhlíð

Róttín hefur verið í samstarfi við Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis - frá því í janúar 2019 enda falla markmið Róttarinnar mjög vel að starfi Bjarkarhlíðar og þeirri nálgun að vinna með þolendum ofbeldis á breiðum grunni með samþættri þverfaglegri þjónustu. Félagið hefur boðið þar upp á námskeið og Rótarhóp. Í janúar 2020 hóf félagið svo að bjóða upp á viðtöl við ráðgjafa félagsins, fyrst í einn dag í viku en fljótlega jókst viðvera hennar í tvo daga í viku. Eftir innreið kórónaveirunnar var svo boðið upp á símaviðtöl. Félagið hefur tvisvar óskað eftir því að verða formlegur aðili að samtökum um Bjarkarhlíð en þeirri málaleitan var hafnað. Þá hefur fjármögnun starfsins í Bjarkarhlíð ekki gengið sem skyldi, en öll þjónusta í Bjarkarhlíð er notendum gjaldfrjáls, og því sér félagið sér ekki fært að bjóða þar þjónustu eins og staðan er.

Samstarf við Hlaðgerðarkot

Á vormisseri hófst námskeiðshald hinn 27. janúar með *námskeiði fyrir starfsfólk Hlaðgerðarkots*. Námskeiðið var hluti af samstarfi Róttarinnar og Hlaðgerðarkots þar sem Róttín hefur komið inn með námskeið fyrir fólk sem er í meðferð þar. Góði hirðirinn styrkti þann hluta samstarfsins sem er fyrir konur, námskeiðið *Konur finna styrk sinn* sem haldið er tvisvar nú á vormisseri um 759.000 kr. Einnig var körlum boðið upp á námskeið *Karlar og áföll* og hófst það um miðjan apríl og lýkur í byrjun júní.

Óhætt er að segja að samstarfið hafi gengið mjög vel og mikill áhugi er á að halda því áfram. Unnið er að fjármögnun til að geta haldið námskeiðunum sem föstum þætti inni í meðferðinni í Hlaðgerðarkoti og hefur verið óskað eftir styrk frá félagsmálaráðuneyti til þess.

Samstarf við Kvennaathvarf

Námskeið fyrir starfsfólk Kvennaathvarfsins var haldið 16. mars og markaði upphaf af samstarfsverkefni félagsins við Samtök um kvennaathvarf. Samstarf félaganna hefur verið í deiglunni frá árinu 2019 og felur í sér fyrrgreint námskeið starfsfólk og stjórn athvarfsins og fræðslufundi með konum sem dvelja í athvarfinu eða sækja þar ráðgjöf. Sá hluti verkefnisins fer af stað næsta haust. Félagsmálaráðuneyti styrkti verkefnið með 750.000 kr.

Önnur námskeið og hópar að vori

Námskeiðum á vormisseri var flestum frestað frá upphaflegri tímaáætlun vegna Covid-19, það á þó ekki við um námskeið í Hlaðgerðarkoti.

Hinn 24. mars var haldið kynningarnámskeið um verkefnið *Karlar og áföll* í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns í samstarfi við Bata, góðgerðarfélag og Vörðuna, meðferðarstofu. Til þýðingarinnar fékkst 250.000 kr. styrkur frá Landsbankanum og þá hefur Landsvirkjun styrkt verkefnið um 200.000 kr. Guðrún Ebba Ólafsdóttir, fræðslustjóri Rótarinnar, þýddi námskeiðið. Hún hefur einnig haft veg og vanda af þýðingu námskeiðanna *Konur finna styrk sinn*, og *Áföll leiðir til bata* sem öll eru eftir Stephanie Covington.

Þá var námskeiðið *Þú ert ekki ein, við erum margar* haldið í maí en því lýkur í september. Námskeiðið er haldið í samstarfi og í húsnaði Vegvísis, ráðgjafar í Hafnarfirði. Síðasta námskeið vormisseris er svo *Áföll - leiðir til bata* sem hófst 19. maí í sal LAUF - Félagi flogaveikra.

Ráðgjöf

Rótin hóf að veita ráðgjöf í Bjarkarhlíð í janúar árið 2020 og hefur Katrín G. Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi, fjölskyldufræðingur og sérfræðingur um vímuefnavanda kvenna starfað sem verktaki að ráðgjöf fyrir félagið, ýmist í Bjarkarhlíð eða í Hafnarfirði. [Því miður hefur gengið erfiðlega að fjármagna ráðgjöfina sem mikil þörf er fyrir](#) og hefur félagið náð til kvenna sem ekki hafa haft traust á slíkri þjónustu annarsstaðar. Það er því gríðarlega mikilvægt að tryggja samfellu í þessari þjónustu og verður áfram unnið að því að tryggja rekstrargrundvöll hennar en stór hluti þeirra kvenna sem leita hafa til Bjarkarhlíðar [glíma við fíknivanda sem afleiðingu af kynferðis- eða heimilisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir](#).

Fundir og heimsóknir

Fyrsti fundur starfsársins með ráðamönnum var með Svandísi Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra um styrk vegna Ástuhúss, 28. maí. Í kjölfar fundarins, á haustmánuðum, fékk félagið 10.000.000 kr. styrk til verkefnisins.

Hinn 15. janúar 2021 var fundur með Ásmundi Einar Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra þar sem óskað var eftir fjárstuðningi til að bjóða upp á gjaldfrjáls viðtöl eins og aðrir sem bjóða þjónustu í Bjarkarhlíð. Félagið telur það mikilvægt réttlætismál fyrir börn þessara kvenna og í samræmi við áherslur ráðherrans. Svar hefur ekki borist við þeirri beiðni.

Þá áttu ráðskonur fund með Ölmú Möller, landlækni, hinn 8. febrúar til að fylgja eftir erindi um ofbeldi innan SÁÁ og ræða fleiri mál er varða öryggi í meðferð.

Fram kom að vinna að landlæknir hafi í samráði við heilbrigðisráðherra gert áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030 til að vinna markvisst með gæði og umbætur og að mikil sóknarfæri séu á því sviði. Verið er að vinna að skilgreiningu gæðavísa og auka þjónustukannanir á meðal notenda. Varðandi erindi Rótarinnar um ofbeldi innan SÁÁ vísaði landlæknir því til ráðherra en sagði að þær væru nú gerðar þjónustukannanir og margt horfði til betri vegar. Ýmis verkefni væru í gangi,

úttekt á aðgengi að meðferð hefði verið gerð 2020 og svo þyrfti að uppfæra stefnu um áfengis- og vímuefnamál. Lagði Alma áherslu á að horfa fram á við og fram kom að Landlæknir eru í raun með mjög lítið eftirlit og lítinn mannafla í það.

Talskona félagsins tók þátt í "Nordisk Topmøde" á vegum norrænu ráðherra-nefndarinnar (The Nordic Council of Ministers and The Nordic Council) 18. maí síðastliðinn. Fundurinn var sá fyrsti af átta fundum sem byggja á hringborðsumræðum um sjálfbærni og samheldni. Grasrót félagasamtaka tók þátt í samtalinu og miðlaði reynslu sinna af þessum hugtökum og hvað mætti bæta til að grasrótarsamtök geti betur starfað í samfélaginu og mikilvægt hlutverk þeirra. Þegar öll Norðurlöndin hafa tekið þátt í hringborðsumræðum verða allar upplýsingar teknar saman og miðlað á stórum fundi sem haldinn verður í Kaupmannahöfn seint á þessu ári.

Af öðrum fundum má nefna vettvangsheimsókn framkvæmdahóps Konukots í Skjólíð, opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi sem rekið er af Hjálparstarfi kirkjunnar hinn 28. janúar og í nýjar höfuðstöðvar Hjálpræðishersins við Suðurlandsbraut hinn 4. janúar.

Talskona Rótarinnar var einnig viðstödd opnun Sigurhæða, úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, hinn 20. mars en Rótin er samstarfsaðili úrræðisins.

Erindi og ályktir

Rótin sendi frá sér nokkur erindi og ályktanir á starfsárinu. Hinn 30. júní fékk RÚV erindi frá félaginu vegna andvaraleysis dagskrárgerðarmanns í umræðu um ofbeldi, [Þöggun ofbeldis og hlutdrægni í dagskrárgerð](#).

Í lok ágúst sendi félagið erindi vegna yfirlýsingar starfsmanna SÁÁ um ofbeldi sem viðgengist hafi innan samtakanna í áratugi til Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun svaraði því hinn 14. október að embætti Landlæknis hafi eftirlit með og sinni „kvörtunum með heilbrigðisþjónustu. Þá tekur Vinnueftirlitið við ábendingum og kvörtunum telji starfsmenn sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustað.“ Erindið var í kjölfarið sent til Landlæknis og til heilbrigðisráðuneytis hinn 8. nóvember. Sjá nánar: [Starfsemi SÁÁ](#).

Félagið sendi erindi til Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra hinn 9. desember til að vekja athygli á starfi félagsins. Sjá: [Erindi til Ásmundar Einars](#). Í lok janúar komu fram í Stundinni frásagnir stúlkna sem vistaðar voru á vegum Barnaverndarstofu á meðferðarheimilinu Varpholti, á árunum 1997-2007, að þær hefðu verið beittar ofbeldi. Rótin sendi frá sér stuðningsyfirlýsingu við þær hinn 4. febrúar. Sjá: [Meðferðarheimili BVS - Yfirlýsing](#).

Í mars bárust svo af því fréttir að til stæði að loka eina meðferðarheimilinu fyrir stúlkur landinu, Laugalandi. Laugaland er rekið á sama stað og Varpholt en við mun betri orðstír. Rótin sendi af þessu tilefni frá sér yfirlýsingu um mikilvægi þess að

meðferðarheimilið starfaði áfram fyrir stúlkur og á forsendum kenninga um kynjaskipta meðferð. Einnig fylgdi greinargerð um stúlkur með vímuefnavanda og mikilvægi þekkingar á kynjamun og áfallasögu í meðferð stúlkna. Sjá: [Yfirlýsing vegna framtíðar meðferðarheimilisins Laugalands](#).

Samstarfsverkefni á Íslandi

Róttín tók þátt í nokkrum samstarfs- og samráðsverkefnum á árinu. Fyrst er að telja að félagið hafði frumkvæði að stofnun samráðsvettvangs kvenna sem vinna með konum með vímuefnavanda og jaðarsettum konum hér á landi. Náðist að halda einn fund 3. júní 2020 en svo hefur starfið niðri vegna Covid og verður spennandi að taka þann þráð upp aftur.

Félagið tók, eins og síðustu ár, þátt í 16 daga átak gegn kynferðisofbeldi með greininni [Stillum fókusinn](#), hinn 11. desember. Átakið er alþjóðlegt og var fyrst haldið árið 1991. Markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis í heiminum. Ísland hefur verið þátttakandi í átakinu árum saman og ekki er vanþörf á nú í ár.

Í janúar hófst samstarfsverkefni Róttarinnar og Hlaðgerðarkots og í mars fór af stað samstarfsverkefni félagsins og Kvennaathvarfsins. Sagt er nánar frá þessum verkefnum í námskeiðshluta ársskýrslunnar.

Hinn 8. mars tók Róttín þátt í fundi 13 kvenna- og jafnréttissamtaka til að vekja athygli á kerfisbundnu misrétti gegn konum í réttarkerfinu og leggja fram tillögur til úrbóta. Vakin var athygli á myndbandi sem kvennahreyfingin gaf út af þessu tilefni þar sem rakið er hvernig fer fyrir ofbeldisbrotum gegn konum í réttarkerfinu. Samtökin sem boðuðu til fundarins eru: Aflið, Druslugangan, Femínistafélag Háskóla Íslands, Flóra, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarið, Kvennahreyfing ÖBÍ, Kvinnaráðgjöfin Kvenréttindafélag Íslands, Róttín, Stígamót, W.O.M.E.N. og UN Women á Íslandi.

Hinn 20. mars var opunarathöfn fyrir Sigurhæðir, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi á Listasafninu í Hveragerði en Róttín er einn samstarfsaðila verkefnisins og mætti fulltrúi félagsins á opnunina. Soroptimistaklúbbur Suðurlands sem er frumkvöðull að verkefninu en samstarfsaðilar eru sveitarfélögin á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, lögreglan, Kvinnaráðgjöfin, Mannréttindaskrifstofa Íslands og fleiri.

Erlend samstarfsverkefni

MARISSA-verkefnið

Róttín er þátttakandi í þremur erlendum samstarfsverkefnum. [MARISSA-verkefnið](#) (Multi-agency approach to support victims of intimate partner violence with substance abuse issues) er tveggja ára Evrópskt samvinnuverkefni (2020-2022) sem hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt. Markmið verkefnisins er að fjalla um samslátt heimilisofbeldis og vímuefnavanda og byggja upp þekkingu og þjálfar starfsfólk sem vinnur með konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og glíma við vímuefnavanda. Í desember og janúar komu saman tveir rýnihópar með samtals 16 þátttakendum, hér á landi, á vegum verkefnisins, frá

fjölbreyttum hópi meðferðaraðila vímuefnavanda og þeim sem veita þjónustu vegna ofbeldis.

Markmiðið með rýnihópunum var þríþætt:

- Að kortleggja þekkingu, þarfir og áskoranir fagfólks sem vinnur með fólki sem hefur verið beitt ofbeldi í nánnum samböndum og er með vímuefnavanda
- Að kortleggja þá reynslu og verklag vinnustaða, verkferla og verkfæri sem notuð eru til að meðhöndla fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum og er með vímuefnavanda, bæði í úrræðum fyrir ofbeldi í nánnum samböndum og fyrir fólk með vímuefnavanda
- Meta hversu mikil samvinna er á milli fagfólks sem vinnur með ofbeldi í nánnum samböndum og vímuefnavanda og hvar eru skortir upp á að fólki sé vísað áfram í viðeigandi úrræði.

Gefin verður út handbók í lok verkefnisins.

Kynjuð nálgun í stefnumótun

Kristín I. Pálsdóttir er fulltrúi Íslands í vinnuhópi á vegum Pompidou-hóps Evrópuráðsins sem vinnur að handbók undir nafninu: "Implementing a gender approach in different drug policy areas: from prevention, care and treatment services to law enforcement & the criminal justice system". Verkið hófst í júní árið 2020 og á að ljúka í desember á þessu ári. Áætlað er að gefa handbókina út á íslensku.

Þjálfun starfsfólks í Eistlandi

Nú er að fara af stað samstarfsverkefni Women's Support and Information Center NPO í Eistlandi og Rótarinnar, sem hlotið hefur styrk úr uppbyggingarsjóði EES. Rótin hefur m.a. á sinni hendi þjálfun starfsfólks í áfalla- og kynjamiðaðri nálgun.

Útgáfa

Leiðarljós Rótarinnar var samþykkt á fundi ráðs félagsins hinn 5. ágúst 2020 en það er siðferðilegur áttaviti félagskvenna. Leiðarljósið og [samþykktir félagsins fyrir hópa og námskeið](#) voru svo settar upp í bækling og prentað út til dreifingar.

Í maí 2020 sendi félagið einnig frá sér viðmiðin [Að vinna með ráðgjafa. Viðmið fyrir konur sem leita trausts og góðs ráðgjafa til að vinna með úr afleiðingum ofbeldis og áfalla](#), sem gefin eru út af gefnu tilefni.

Gæðavinna

Starfsemi félagsins hefur aukist mjög á liðnu ári og slíkar breytingar kalla á aukið gæðastarf. Því hefur verið unnið að því að skýra verkferla og vinnureglur t.d. hafa verið unnar vinnureglur um námskeiðshald á vegum Rótarinnar.

Nýjar reglur og viðmið um námskeið á vegum Rótarinnar samþykktar og taki gildi haustið 2021

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar

Hinn 17. maí 2021 veittist Rótinni sá mikli heiður að hljóta Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar. [Í rökstuðningi](#) með verðlaununum segir: „Félagið hefur haft mikil áhrif á umræðu með uppbyggilegri og rökstuddri gagnrýni innan málaflokksins, ekki síst á staðnað meðferðar-kerfi. Félagið hefur hvatt hið opinbera til nútímalegrar stefnumótunar og aukins gæðaeftirlits og skrifað fjölda erinda til stjórnvalda, eftirlitsaðila og annarra sem koma að þessum málaflokki.“

Slík verðlaun eru vissulega mikill hvatning í grasrótastarfi.

Greinaskrif

Á starfsárinu sendu ráðskonur frá sér eftirfarandi greinar sem framlag í umræðu um málefni sem tengjast vímuefnavanda og áfallasögu:

- [Fjölskyldunni allt?](#) Stundin 22. maí
- [Túlkun á tölum.](#) Vísir 6. ág.
- [Hefnd er ekki sjúkdómur og fyrirgefning engin allsherjar lækning.](#) Vísir 11. ág.
- [Er ég fórnarlamb?](#) Vísir 15. ág.
- [Falskar minningar eða falskar kenningar?](#) Stundin 2. okt.
- [Kenningum um falskar minningar beitt á Íslandi.](#) Stundin 2. okt.
- [Aðgát skal höfð – Áfallamiðað skólustarf.](#) Vísir 25. okt.
- [Skrímslavæðing.](#) Stundin 20. nóv.
- [Hættuleg taugalíffræðiþráhyggja,](#) þýdd e. Lance Dodes. 5. des.
- [Stillum fókusinn.](#) Vísir. 11. des. (16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi)

Fréttir og viðtöl

Félagið leitast við að vekja athygli á málstað sínum í fjölmiðlum og á árinu birtust eftirfarandi viðtöl og fréttir. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

- [Kalla eftir að Ríkisendurskoðandi rannsaki „ógnarstjórn“ SÁÁ.](#) Fréttablaðið 30. ágú.
- [„Við höfum aldrei náð að anna eftirspurn eftir ráðgjöf“.](#) RÚV 24. sept.
- [Ástuhús.](#) Samfélagið, Rás 1. 25. sept.
- [Rótin tekur við rekstri Konukots.](#) Fréttablaðið 30. sept.
- [Rótin tekur við rekstri Konukots.](#) RÚV 2. okt.
- [Ekkert gen sem útskýrir fíkn.](#) Morgunblaðið 24. okt.
- [Kristín vill uppgjör við ofbeldisfullar aðferðir á meðferðarheimilum – „Réttlæti og viðurkenning á misgjörðum er nauðsynleg“.](#) DV 1. feb.
- [Karlur og áföll.](#) Mannlegi þátturinn, Rás 1. 23. mars
- [Konur finna styrk sinn.](#) Samhjálpblaðið 30. mars
- [Konur eigi inni að rekstur Laugalands haldi áfram.](#) Fréttablaðið 31. mars
- [Rótin hlýtur Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.](#) Vísir 17. maí
- [Rótin hlaut Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.](#) RÚV 17. maí

Þá var félaginu boðin þátttaka í þætti Karlmennskunnar sem Þorsteinn V. Einarsson heldur úti á Hringbraut í febrúar þar sem Kristín, talskona, ræddi um fíkn, kyn og áföll við Þorstein. [Fíkn og áföll](#). Karlmennskan á Hringbraut. 8. feb.

Í sama mánuði voru Þær Kristín og Guðrún Ebba, ritari Rótarinnar, boðnar í hlaðvarp Hugarafis, Hugarró, til að tala um viðmið félagsins: *Að vinna með ráðgjafa, viðmið fyrir konur sem leita trausts og góðs ráðgjafa til að vinna með úr afleiðingum ofbeldis og áfalla*. [Hugarró með Hugarafli](#). 19. feb.

Reikningar félagsins

Efnahagsreikningur 31.12.2020

2020

2019

Rótin

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur.....	132.622	-
Aðrar skammtímakröfur.....	14.729	-
Handbært fé.....	36.502.451	4.715.391
	36.649.802	4.715.391

Samtals eignir

36.649.802 **4.715.391**

Eigið fé

Hagnaður/(tap) ársins **25.078.054** -

Eigið fé samtals **25.078.054** -

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir.....	404.547	-
Aðrar skammtímaskuldir.....	11.167.201	-
Samtals skammtímaskuldir	11.571.748	-

Samtals skuldir og eigið fé **36.649.802** -

Rekstrarreikningur 31.12.2020	2020	2019
Rótin		
Rekstrartekjur.....	34.769.206	-
Samtals tekjur	34.769.206	-
Vörukaup.....	200.000	-
Samtals Vörukaup	200.000	-
 Rekstargjöld		
Laun og launatengd gjöld.....	7.319.969	-
Annar starfsmannakostnaður (tryggingar ofl).....	642.478	-
Aðkeypt þjónusta.....	5.035.560	-
Húsnæðiskostnaður (Leiga ofl).....	102.947	-
Reikningshald.....	136.710	-
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	766.914	-
Markaðskostnaður.....	233.348	-
Fundarkostnaður.....	22.208	-
Annar rekstrarkostnaður.....	-	-
Samtals gjöld	14.260.134	-
 Rekstrarhagnaður (-Tap)		
	20.309.072	-
Fjármunatekjur.....	6.010	-
Fjármagnsgjöld.....	- 31.102	-
Hagnaður/(Tap) ársins	20.283.980	-

Rekstrarreikningur 31.12.2020

Konukot	2020	2019
Rekstrartekjur.....	26.079.501	-
Samtals tekjur	26.079.501	-
Rekstargjöld		
Laun og launatengd gjöld.....	18.350.937	-
Annar starfsmannakostnaður (tryggingar ofl).....	724.087	-
Matvara, hreinlætisvörur ofl.....	635.853	-
Aðkeypt þjónusta.....	819.295	-
Húsnæðiskostnaður (Rafmagn, öryggisk, ofl).....	195.445	-
Leiga og rekstur bifreiða.....	141.239	-
Skrifstofukostnaður.....	297.347	-
Markaðskostnaður.....	97.900	-
Fundarkostnaður.....	19.146	-
Samtals gjöld	21.281.249	-
Rekstrarhagnaður (-Tap)	4.798.252	-
Fjármagnsgjöld.....	4.178	-
Hagnaður/(Tap) ársins	4.794.074	-

Styrkir til Rótarinnar

Styrkveitandi		Dags.	Upphæð
Heilbrigðisrn.	Ástuhús	22.9.2020	10.000.000
Áætlun EU um réttindi, jafnrétti og borgararétt.	MARISSA-verkefni. Heimilisofbeldi og vímuefnavandi. Uppbygging þekkingar og þjálfun starfsfólks	31.7.2020	10.238.806
Félagsmálarn.	Heimilisofbeldi og vímuefnavandi. Afleiðingar og leiðir til að ná styrk sínum á ný. Samstarf m. Kvennaathvarfi	28.10.2020	750.000
Góði hirðirinn	Konur finna styrk sinn í Hlaðgerðarkoti	18.12.2020	759.700
Heilbrigðisrn.	Fræðsla, stuðningur og hagsmunastarf fyrir félagsmenn	27.1.2021	5.000.000
Lýðheilsusjóður	Ástuhús - þjónustusetur	3.2.2021	1.000.000
Félagsmálarn.	Fræðslu, stuðnings og hagsmunastarfs fyrir félagsmenn	2.3.2021	2.500.000
Samfélagssjóður Landsvirkjunar	Karlar og áföll – leiðir til bata	18.5.2021	200.000
Samtals			30.448.506

Konukot

Í júlí sendi Rótin inn tilboð um rekstur Konukots til Reykjavíkurborgar en áður höfðu ráðskonur fundið fyrir miklum áhuga í samfélaginu á því að félagið tæki yfir þann rekstur þar sem ljóst var að Rauði krossinn hafði lýst því yfir að félagið vildi draga sig út úr rekstrinum. Velferðarráð samþykkti svo tilboð Rótarinnar hinn 20. ágúst með fyrirhugaðri yfirtöku á rekstrinum hinn 1. október.

Kjarasamningar

Rótin lagði áherslu á að tryggja að starfskonur í Konukoti fengju sömu laun og annað starfsfólk í gistiskýlum Reykjavíkurborgar og var það tryggt með [kjarasamningi við Rótina sem undirritaður](#) var 28. september og tók Rótin svo við rekstrinum 1. október.

Framkvæmdahópur

Í desember var ákveðið var að skipa framkvæmdaráð Konukoti til stuðnings og helstu verkefni hans eru:

- Vinna í samræmi við kröfulýsingu og samning við Reykjavíkurborg um rekstur Konukots.
- Vera bakhópur fyrir yfirmann forstöðukonu (Kristínu) og henni til stuðnings og ráðgjafar, hún geti leitað til hópsins og fengið endurgjöf.
- Taka þátt í ákvarðanatöku varðandi starfsemi Konukots.
- Fara yfir þriggja mánaða uppgjör, meta stöðuna á rekstrinum út frá því og hugsanlega móta breytingartillögur til ráðsins.
- Vera stuðningur við forstöðukonu varðandi starfsmannahald o.fl., funda reglulega með henni.
- Fara yfir sjálfbóðaliðastarfið og móta tillögur um breytingar til ráðsins.
- Hverju vill Rótin berjast fyrir varðandi málefni heimilislausra kvenna? Gera tillögur til ráðsins.
- Fara yfir kröfulýsingu og samning við Reykjavíkurborg, hvaða breytingar vill Rótin gera t.d. m.t.t. tilboðs félagsins í reksturinn.
- Gera hugsanlegar breytingartillögur til ráðsins áður en samningurinn verður endurskoðaður 1. október 2021.

Framkvæmdaráð var svo skipað þeim Elísabetu Brynjarsdóttur, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur (hætti í apríl) og Katrínu G. Alfreðsdóttur (hætti í maí).

Forstöðukona ráðin

Auglýst var eftir forstöðukonu Konukots í október og alls bárust 32 umsóknir. Halldóra R. Guðmundsdóttir var valin til starfans en hún starfaði áður sem forstöðumaður í sértækri búsetu fyrir fólk með einhverfu og hegðunarfrávik. Halldóra er með menntun í sálfræði, heilsuhagfræði og þjónandi leiðsögn. Hún hefur einnig verið sjálfbóðaliði hjá skaðaminnkunarúrræðinu Frú Ragnheiði. Hún hóf störf hinn 1. desember. Þórey Einarsdóttir, umsjónarkona í Konukoti, starfaði í afleysingum sem forstöðukona, þar til Halldóra hóf störf.

Launahækkarir

Í mars kom í ljós að launahækkun í janúar hafði þau áhrif að endursemjja þurfti um greiðslur frá Reykjavíkurborg. Í greinargerð til borgarinnar var gerð ítarleg grein fyrir stöðunni og þá aðallega áhrifum launahækkana 1. janúar ásamt því að forföll sjálfboðaliða skapa mikinn yfirvinnukostnað. Gengið frá því samkomulagi í lok mars.

Merki Konukots

Á haustmisseri 2020 átti Rótin samstarf við Listaháskóla Íslands sem fólst í því að efnt var til samkeppni á meðal nemenda á 2. ári í grafískri hönnun um merki fyrir Konukot. Eitt af markmiðunum með verkefninu var að gera Konukot aðgengilegra fyrir gesti og velunnara á samfélagsmiðlum og auka upplýsingaflæði um starfið til almennings.



Dómnefnd komst að þeirri samdóma niðurstöðu, í byrjun desember, að merki Rakelar Gróu Gunnarsdóttur hefði skarað fram úr í samkeppninni. Í niðurstöðu dómnefndar segir: "Dómnefnd taldi merkið skera sig úr öðrum innsendingum og vera áhugaverður leikur að upphafsþákstafrátt sem passar táknafræðilega vel við stefnu Konukots."

Í dómnefnd sátu þau Ragnar Freyr, fagstjóri grafískrar hönnunar við LHÍ, Birna Geirfinnsdóttir, dósent við LHÍ og Embla Vigfúsdóttir, vöruhönnuður, fyrir hönd Rótarinnar. Katrín Helena Jónsdóttir var verkefnastjóri.

Nú hefur einnig verið opnuð [Facebook-síða](#) fyrir Konukot og vonandi sjáum við sem flesta gesti, vini og velunnara Konukots þar.

Stöðumat

Rótin tók við rekstri Konukots hinn 1. október 2020 með nokkuð bröttum fyrirvara og setti sér að fara ekki í miklar breytingar fyrsta kastið enda hafði árið verið krefjandi fyrir starfsfólk og gesti og mikilvægt að tryggja stöðugleika og öryggi á meðan gengið var frá ráðningu forstöðukonu á meðan félagið kynntist rekstrinum. Af þessum ástæðum óskaði félagið eftir endurskoðunarákvæði í samninga við Reykjavíkurborg að ári liðnu.

Hinn 11. maí, sjö mánuðum eftir að félagið tók við rekstrinum sendi félagið Reykjavíkurborg greinargerð um mat á stöðu og tillögur að úrbótum í rekstrinum en einnig almennt í þjónustu við þann hóp sem sækir Konukot.

Ástæða þess að Rótin hefur áhuga á rekstri neyðarskýlis fyrir konur er sú að félagið vill beita sér fyrir úrbótum í þjónustu við konur með flóknar þjónustuþarfir. Mikil deigla er í málefnum heimilisslauss fólks, fólks með vímuefnavanda og flóknar þjónustuþarfir, ekki síst kvenna og kynsegin fólks, bæði hér á landi og erlendis, og er bæði spennandi og krefjandi að vinna í jafn dínámsku umhverfi.

Stöðumatinu fylgdi listi með helstu úrlausnarefnum og tillögur um úrbætur og í annarri viku júní verður fundur með fulltrúum velferðarsviðs um stöðuna.

Fatamarkaður

Með Konukoti tók Rótin einnig við rekstri Fatamarkaðar Konukots og hefur hann verið rekinn með sama siði og áður og heldur Kristín Helga Guðmundsdóttir utan um starfsemi markaðarins eins og áður en Rótin tók við. Covid-19 hefur haft umtalsverð áhrif starfsemina vegna fjöldatakmarkana en að öðru leyti var starfsemin með sama sniði og áður og gekk vel miðað við aðstæður.

Verkefni framundan

Starf Rótarinnar hefur vaxið mikið að vöxtum undanfarið tvö ár og við finnum að tekið er mark á málflutningi félagsins. Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar er mikill innblástur og viðurkenning á starfinu og þá hefur talskonu verið boðið af Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, að leiða starf vinnuhóps um meðferð stúlkna á vegum Barnaverndarstofu, sem er að hefjast. Sóst er eftir þátttöku félagsins í verkefnum og samræðum um málefni er varða kyn, áföll og vímuefnavanda og varla er jafn lifandi umræða um stöðu kvenna með vímuefnavanda í öðrum löndum ein og hér á landi, ekki síst fyrir þá vitundarvakningu sem Rótin hefur leitt.

Starf félagsins einkenndist fyrstu árin af nýsköpun, þekkingaruppbyggingu ásamt hagsmunabaráttu en stendur nú á ákveðnum tímamótum með aukinni þjónustu og starfsemi sem kallar á meiri formfestu í rekstrinum. Það var mikið stökk fyrir Rótina að yfirtaka rekstur Konukots en einnig hefur námskeiðshald félagsins verið í stöðugri þróun og Rótarnámskeiðin, sem eru ýmist þýdd gagnreynd námskeið, eða samin af Guðrúnu Ebbu, fræðslustýru félagsins, eru orðin mörg. Þýddu námskeiðin eru: *Konur studdar til bata* og *Áföll - leiðir til bata* og þá býður félagið körlum áfallanámskeiðið *Karlar og áföll*. Einnig hefur lengi verið stefnt að því að bjóða gagnreynt námskeið fyrir ungar stúlkur og vonandi verður hægt að fjármagna þýðingu þess á næsta starfsári. Íslensku Rótarnámskeiðin eru svo *Að segja frá* og *Þú ert ekki ein* og fleiri námskeið eru í deiglu.

Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll ráðgjafar félagsins og þá hefur upp bygging samstarfsverkefna verið mikilvæg í starfinu á undanfögnu ári og er áhugi á því að efla þann hluta starfsins ásamt því að koma Rótarhópnum aftur af stað og stuðla að öflugri jafningjastarfi á vegum félagsins.

Enn eru því mörg sóknarfæri til að bæta mannréttindi og þjónustu við konur með vímuefnavanda og áfallasögu, og jaðarsettar konur, og Rótin stefnir að því að vera þar í fararbroddi áfram.

Þau verkefni sem við höldum áfram að vinna að, ásamt öflugri hagsmunabaráttu, eru:

- **Konukot** - Á næstunni verður farið yfir stöðumat Rótarinnar með Reykjavíkurborg. Einnig þarf að vinna nýtt kostnaðarmat í framhaldinu.
- **Ástuhús** - Félagið leitar nú að húsnæði fyrir starfsemina fyrir næsta haust. Miðað við fjárhagsstöðu verður það innan við 100m², salur fyrir 15-20 manns,

tvö ráðgjafar- og skrifstofuherbergi, kaffi- og salernisaðstaða, miðsvæðis með góðu aðgengi bæði hvað varðar samgöngur og fólks með fatlanir.

- **Ráðgjöf á vegum Rótarinnar** - Komist hefur verið að samkomulagi við Vegvísi, ráðgjöf um ráðgjöf fyrir konur í Rótinni og verður samningur undirritaður á næstu dögum. Hann mun gilda til áramóta og er með ákvæði um framlengingu um ár í senn. Gert er ráð fyrir allt að 18 viðtölum á mánuði í samningnum sem fyrst um sinn verða veitt í húsnæði Vegvísis í Hafnarfirði.
- **Rótarnámskeiðin** - Stefnt er á að bjóða upp á *Konur studdar til bata, Áföll - leiðir til bata, Þú ert ekki ein og Að segja frá* á næsta starfsári. Unnið er að áframhaldandi þróun námskeiðanna og mótun nýrra. Einnig leitað eftir fleiri samstarfsaðilum.
- **Rótarhópurinn** - Stefnt er að því að þeir taki til starfa í haust.
- **Hreyfiaflið** - Stefnt er að því að taka upp þráðinn aftur í Hreyfiaflinu í haust.
- **Hlaðgerðarkot** - Unnið er að fjármögnun til að geta haldið námskeiðunum *Konur studdar til bata* og *Karlar og áföll* sem föstum þætti inni í meðferðinni í Hlaðgerðar-koti og hefur verið óskað eftir styrk frá félagsmálaráðuneyti til þess.
- **Kvennaathvarfið** - *Á tímamótum* er námskeið fyrir konur á vegum Rótarinnar sem haldið verður í samstarfi við Kvennaathvarfið haustið 2021. Lögð verður áhersla á að vinna með rætur ýmis konar andstreymis í lífi kvenna. Í námskeiðinu er athyglinni beint að þeim áföllum sem konur eru í mestri hættu á að verða fyrir eins og kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánum samböndum og öðru ofbeldi á milli tengdra aðila. Spurt er hvað kom fyrir konurnar í stað þess að spyrja hvað sé að þeim, hvernig þær komust af og til hvaða bjargráða hver og ein þeirra greip. Námskeiðið er sex skipti Aðaláherslan er á fjóra þætti: *Hver er ég og hvaðan kem ég?; Að skilja áföll og afleiðingar þeirra; Fjölskylduslit og erfiðar tilfinningar; Styrkleikar og seigla - að taka sér pláss.* Innan þessara þátta eru undirflokkar þar sem farið er ítarlega í atriði sem eru mikilvæg til að auka lífsgæði og kynntar nýjar aðferðir sem stuðla að þeim.
- **Sigurhæðir** - er ný gjaldfrjáls þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Soroptimistaklúbbur Suðurlands er frumkvöðull að verkefninu. Rótin er einn af samstarfsaðilum Sigurhæða.
- **Samstarfsvettvangurinn** - Rótin mun beita sér fyrir því að samstarfsvettvangur kvenna sem vinna með konum taki aftur upp þráðinn þar sem Cövid-19 sleit hann og hittist
- **Ráðið**
 - Setji sér starfsreglur
 - Uppfæri starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra þar sem tengsl við framkvæmdahóp eru skýrð og að framkvæmdastjóri fylgir eftir ákvörðun ráðsins og aðalfundar

- Stefnumótun og vinnureglur um hagsmunatengsl
 - Stefnumótun um jaðarsettar konur og þjónusta við þær
 - Vinni að persónuverndarstefnu
- **Vefsíða** - Uppfæra þarf vef og setja þar upp sölusíðu og örugga skráningarsíðu
- **Evrópuverkefni** - Vinnu við handbók á vegum Pompidou-hóps Evrópuráðsins lýkur fyrir áramót og vinna Rótarinnar við þjálfun starfsfólks sem starfar með fólki með vímuefnavanda og áfallasögu í Eistnesku EES-verkefni fer að mestu fram í sumar og haust en MARISSA-verkefninu lýkur um mitt ár 2022.

Konukot - Árssamantekt

F.h. Rótarinnar - Félags um konur, áföll og vímugjafa
Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstöðukona

Febrúar 2021

Skýrsla þessi er unnin á grundvelli kafla 1.2.4 um upplýsingaskyldu í kröfulýsingu þjónustu og rekstrar um neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík, Konukot. Um er að ræða árssamantekt sem faglegur stjórnandi sendir til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar fyrir lok febrúar ár hvert.

Samkvæmt verklagi sendir framkvæmdarstjóri skýrsluna til skrifstofustjóra skrifstofu ráðgjafar á skrifstofu velferðarsviðs til varðveislu.

Við hverja spurning er í sviga vísun í viðeigandi kröfu í sjálfri kröfulýsingunni. Spurningum skal svarað eftir því sem við á.

Ársyfirlit Konukots

Rótin - Félag um konur, áföll og vímugjafa tók við rekstri neyðarskýlisins hinn 1. október. Í ársyfirlitinu verður þó gerð grein fyrir :

Þjónustusali ber ábyrgð á að senda þjónustukaupa ótilkvaddur, fyrir lok febrúar ár hvert, ársyfirlit þar sem gerð er grein fyrir starfseminni á liðnu ári. Í ársyfirlitinu skal m.a. koma fram:

1. Fjöldi notenda þjónustunnar á liðnu ári

Alls nýttu 93 konur athvarfið árið 2020.

2. Upplýsingar um fjölda dvalarnóttanna hvers notanda


Heildar gistinætur notanda eru 2615 nætur.

Nýting kvennanna var mismikil en allt frá 1 nótt upp í 335 nætur.

Nánari upplýsingar um nýtingu hvers konu er að finna í lykiltöluskjali sem sent var á velferðarsvið.


3. Upplýsingar um mánaðarlega nýtingu úrræðisins

Fjöldi gistinátta fyrir hvern mánuð ársins:




4. Upplýsingar um aldursskiptingu notenda

Notendur voru á aldrinum 19 ára til 76 ára.



5. Upplýsingar um lögheimili notenda



6. Fjöldi nýrra notenda á árinu

Nýir notendur voru 32 árið 2020 og nýting samtals 199 nætur.

7. Fjöldi notenda sem vísað er frá tímabundið og ástæður þess skipt niður eftir tímabilum

Í heildina voru 19 notendum vísað frá tímabundið árið 2020.

- **Janúar:** Engum notanda var vísað frá í janúar.
- **Febrúar:** Engum notanda var vísað frá í febrúar.
- **Mars:** Einum notanda var vísað út því hún hafði í önnur hús að vernda.
- **Apríl:** Einum notanda var vísað út vegna ógnandi hegðunar.
- **Maí:** Einum notanda var vísað frá í maí vegna ofbeldis og ógnandi hegðunar.
- **Júní:** Engum notanda var vísað frá í júní.
- **Júlí:** Fjórum notendum var vísað frá í júlí, vegna ógnandi hegðunar, hótana og brot á sóttvarnarlögum.
- **Ágúst:** Einum notanda var vísað frá í Ágúst vegna hótana í garð starfsfólks.
- **September:** Þremur notendum var vísað frá í September, vegna árása, hótana og ofbeldisfullrar hegðunar í garð starfsfólks og annarra notenda.
- **Október:** Engum notanda var vísað frá í október.
- **Nóvember:** Þremur notendum var vísar frá í nóvember vegna hótana í garð starfskvenna, ógnandi hegðunar og líkamsárásar á starfskonu.
- **Desember:** Fimm notendum var vísað frá í desember, vegna framkomu, brota á reglum hússins, ofbeldis í garð annarra gesta og starfskvenna, hótana og skemmdarverka.

8. Ítarlegar upplýsingar um starfsmannaveltu þar sem meðal annars kemur fram kyn, aldur, ástæður starfsloka og annað sem máli kann að skipta

Frá því að Rótin tók yfir starfseminni í október 2020 sagði ein kona (f. 1969) upp störfum og færði sig í annað starf innan málaflokksins. Hún var starfskona og sinnti 50% umsjónarstöðu.

Fjórar starfskonur voru ráðnar til starfa frá 1.okt til 31.des 2020 vegna lausra stöðugilda, þar af 3 starfskonur (f. 1990, 1991, 1998) og ein forstöðukona (f. 1987).

9. Upplýsingar um það hvort, hversu oft og hvers vegna kallað hafi verið eftir aðstoð lögreglu, heilbrigðisstarfsfólks eða annarra

Kallað var eftir lögreglu í 26 skipti árið 2020. Ástæður eru vegna ógnandi hegðunar, ofbeldis, notandi var kennitölulaus, með annan samastað, andleg veikindi, sjálfsvígshætta, ágreiningur milli notanda, brot á sóttvarnarlögum, ónæðis fyrir utan skýlið, vímuefnaaksturs og skemmdarverka.

Kallað var eftir sjúkrabíl í 64 skipti árið 2020 vegna veikinda notanda, ofskömmtnar og gruns um Covid-smit.

Kallað var eftir aðstoð Héraðslæknis 2 sinnum árið 2020. Bæði skiptin voru í desember 2020 vegna andlegra veikinda notanda.

10. Fjöldi athugasemda, kvartana og atvika á árinu skv. kafla 1.2.3.4

Alvarleg atvik voru alls 4 árið 2020, þrjú atvik voru árásir á starfsmann og/eða sjálfboðaliða og eitt atvik var vegna stungu á notaðri nál. Finna má nánari lýsingar á atvikum í atvikaskráningarskjali sem sent var á velferðarsvið.

Engin skráning er um formlegar kvartanir starfsfólks, notanda eða aðstandenda.

11. Aðrar þær upplýsingar sem talist geta til mikilvægra upplýsinga er snúa að rekstri og þjónustu við notendur á vegum

þjónustukaupa

Mikil vinna hefur verið í kringum umsjón sjálfboðaliða vegna erfiðleika við að manna vaktir og vangaveltur eru um það hvort það svari kostnaði að starf af þessu tagi treysti alfarið á sjálfboðaliða til að sinna lágmarksmönnun. Oft þarf að kalla út aukavaktir vegna forfalla sjálfboðaliða sem greiddar eru á yfirvinnutaxta.

12. Annað

Töluverð fækkun var á gistinóttum frá árinu 2019 sem skýra má að hluta til með opnun neyðarúrræðis í Skipholti og úthlutun félagslegra búsetuúrræða. Öryggi starfsmanna hefur einnig verið ábótavant þegar upp koma alvegarleg atvik vegna mönnunar og samstarfs við lögreglu.

Framkvæmdastjóri og stjórnandi fara sameiginlega yfir samantektina og kvitta undir hana að lokinni þeirri yfirferð. Framkvæmdastjóri sendir samantektina

undirritaða til skrifstofustjóra skrifstofu málefna fatlaðs fólks til varðveislu í skjalakerfi.

Halldóra R. Guðmundsdóttir
Forstöðukona Konukots